

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 19. janúar 2024
Málsnúmer: 20240104352

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga (málsmeðferð og skilyrði) – þskj. 27, 27. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 3. janúar sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu var gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Ríkisskattstjóri telur tilefni til að gera athugasemdir við f. lið 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, en þar segir að taki kröfuhafi við greiðslu frá skuldara á kröfu í andstöðu við 1. mgr. þá skuli endurgreiða hana án tafar.

Í þessu sambandi þykir mega minna á að virðisaukaskattur er vörsluskattur og varðar viðurlögum að greiða hann ekki. Getur einstaklingur því haft af því hagsmuni að standa skil á honum. Í þessu ljósi kann að virðast þversagnakennt að gera þá kröfu að vörsluskattur sé endurgreiddur á tímabili greiðsluskjóls. Þá má geta þess að skylda til skuldajafnaðar er staðar á þessu tímabili og skuldajöfnuður upp í gjaldfallinn virðisaukaskatt yrði þannig ekki ógiltur.

Einnig má benda á að það fer gegn almennri innheimtufrákvæmd að endurgreiddir séu fjármunir sem greiddir hafa verið til ríkissjóðs vegna skattskulda nema til staðar sé formleg breyting á skattfjárhæð. Koma þá jafnframt til skoðunar reglur um viðtökudrátt af hálfu innheimtumanna.


Hvað varðar bifreiðagjald og kílómetragjald þá getur einstaklingur jafnframt haft af því hagsmuni að greiða þau gjöld á því tímabili sem frestun greiðslna varir. Í lögum um bifreiðagjald og í 13. og 16. gr. laga nr. 101/2023, um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, kemur fram að bifreið fái ekki aðalskoðun séu til staðar vanskil í þessum gjaldflokkum, og að sama skapi geta ekki orðið eigendaskipti að bifreið séu vanskil til staðar hvað þessi gjöld varðar.

Það er mat ríkisskattstjóra að varhugavert sé að ekki megi greiða gjöld sem þessi á tímabili greiðsluskjóls og að hafna eigi því að taka á móti greiðslum í þessum gjaldflokkum, og það geti vart verið í þágu skuldara. Í þessu sambandi er bent á að verklag innheimtmanna er t.d. með þeim hætti að ekki megi setja bifreiðagjald í greiðsluáætlun, vegna ofangreindra sjónarmiða

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson